

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 34/2013****2013/EES/49/05****frá 15. mars 2013****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 562/2012 frá 27. júní 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 234/2011 með tilliti til sértækra gagna sem er krafist vegna áhættumats á matvælaensímum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 570/2012 frá 28. júní 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun bensósýru – bensóata (E 210–213) í óáfengum hliðstæðum við vín ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2012 frá 2. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýsorbata (E 432–436) í kókosmjólk ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2012 frá 5. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnin okratoxín A, PCB-efni, sem ekki líkjast díoxíni, og melamín í matvælum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 675/2012 frá 23. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun talkúms (E 553b) og karnúbavax (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun skellakks (E 904) á soðin egg í skurn ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 ⁽⁷⁾.
- 8) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 872/2012 falla úr gildi, frá og með 22. apríl 2013, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 ⁽⁸⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 ⁽⁹⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB ⁽¹⁰⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum frá og með 22. apríl 2013.
- 9) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 168, 28.6.2012, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 169, 29.6.2012, bls. 43.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 173, 3.7.2012, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 176, 6.7.2012, bls. 43.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 196, 24.7.2012, bls. 52.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 180, 19.7.2000, bls. 8.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1.

10) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 54q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96), liðar 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB) og liðar 54zg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000) falli brott frá og með 22. apríl 2013.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):
„– **32012 R 0594**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2012 frá 5. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 176, 6.7.2012, bls. 43).“
3. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
„– **32012 R 0570**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 570/2012 frá 28. júní 2012 (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2012, bls. 43),
– **32012 R 0583**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2012 frá 2. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 173, 3.7.2012, bls. 8),
– **32012 R 0675**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 675/2012 frá 23. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 196, 24.7.2012, bls. 52).“
4. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzzs (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008):
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 0872**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).“
5. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):
„54zzzzzq. **32012 R 0872**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).
54zzzzzr. **32012 R 0873**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).“
6. Eftirfarandi bætist við í 64. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 234/2011):
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 0562**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 562/2012 frá 27. júní 2012 (Stjtið. ESB L 168, 28.6.2012, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 562/2012, (ESB) nr. 570/2012, (ESB) nr. 583/2012, (ESB) nr. 594/2012, (ESB) nr. 675/2012, (ESB) nr. 872/2012 og (ESB) nr. 873/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.